

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyflu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyflu- og nauðsynjavörum.

10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ

um kakaó og kakaóvörur.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kakaóbaunir eru fræin úr aldinum kakaótrésins (*theobroma cacao*), og eru þær þurrkaðar, gerjaðar eða ógerjaðar.

Kakaóbaunir eru venjulega flokkaðar á tvennan hátt:

I. Eftir hreinsuninni:

1. Óvaldar kakaóbaunir:

- a) í umbúðum framleiðslulandsins,
- b) í öðrum umbúðum.

2. Valdar kakaóbaunir: Öll óhreinindi og ónothæfar baunir hreinsaðar úr.

II. Eftir vinnslunni:

1. Kakaóbaunir, kjarnar og deig:

- a) Óunnar, þurrkaðar eða brenndar **kakaóbaunir**.

b) **Kakaókjarnar**: Valdar kakaóbaunir, þurrkaðar eða brenndar og flysjaðar. Í kakaókjörnum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.

c) **Kakaómolar**: Grófmuldir kakaókjarnar. Í kakaómolum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.

d) **Kakaódeig**: Smámuldir (malaðir, valtaðir, slípaðir) kakaókjarnar eða kakaómolar. Í kakaódeig má nota í mesta lagi 2% af kakaósalla. Við vinnslu kakaódeigsins er stundum látið í það lítið eitt af lecitíni.

e) **Uppleysanlegt kakaódeig**: Á deigið eru látin verka alkalíkarbónöt, ammóníak, ammóníum-sölt, magnesíumoxyd eða önnur óskaðleg efni, svo og gufa undir þrýstingi. Lífræn

(organísk) efni má ekki nota. Í kakaódeigi og uppleysanlegu kakaódeigi er venjulega 52 til 58% af kakaósmjöri og í mesta lagi 0,3% af sandi, miðað við fitusnautt þurrefnið. Í kakaódeigi er allt að 5% af ösku, í uppleysanlegu kakaódeigi allt að 7%.

54
20. júlí

2. Úrgangsefni:

- Kakaósalli:** Smáagnir úr kakaókjörnum, sem til falla við hreinsun á ýmiskonar kakaó-úrgangi. Í kakaósalla er ekki meira en 10% af fræhyði, fræhimnum og kimi.
- Kakaóhýði:** Meira eða minna mulið fræhyðið, sem fellur til, þegar þurrkaðar eða brenndar kakaóbaunir eru fleysjaðar.
- Ýmiskonar kakaóúrgangur:** Sambland af kjarnaögnum, kimi, fræhyði og fræhimnum, sem fellur til, þegar þurrkaðar eða brenndar kakaóbaunir eru malaðar, fleysjaðar og hreinsaðar.

2. gr.

Kakaósmjör er feiti sú, sem pressuð er úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, úr kakaódeigi eða uppleysanlegu kakaódeigi. Feitin er annaðhvort síuð eða ósíuð, og er ekki með hana farið á efnafræðilegan (kemískan) hátt. Hún hefir sýrutöluna 4,5 (mg KOH í 1 g af fitu) í hæsta lagi.

Kakaóduft er unnið úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, úr kakaódeigi eða uppleysanlegu kakaódeigi með því að pressa úr því nokkuð af kakaósmjörinu og mala síðan eftirstöðvarnar. Meðan á vinnslunni stendur, er stundum látið í kakaódeigið lítið eitt af leiftíni, svo og náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins. Í kakaódufti er að minnsta kosti 20% af kakaósmjöri. Í **fiturýru kakaódufti** er að minnsta kosti 10%, en þó minna en 20% af kakaósmjöri. Takmörkin fyrir kakaósmjörinnihaldi kakaóduftsins eru miðuð við kakaóduft, sem í er 5% af vatni.

Kakaómalt er kakaóduft eða fiturýrt kakaóduft, sem í er blandað allt að 50% af byggmalts-mjóli eða að minnsta kosti 5% af ekstrakti úr byggmalti.

Ef kakaóduftið er blandað öðru mjóli, er það auðkennt með tilliti til þess, t. d. hafrakakaó.

3. gr.

Súkkulaði er unnið úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, eða úr kakaódeigi og hreinum, hvítum neyzlusykri (saccharose) með eða án viðbótar af kakaósmjöri, mjólkur- eða undanrennuþufti, náttúrlegu kryddi, vanillíni eða aethyletri vanillínsins. Í súkkulaði er að minnsta kosti 40% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af sykri. Í súkkulaði er að minnsta kosti 21% af kakaósmjöri. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 33% af kakaódeigi í því. Súkkulaði getur verið duft eða mótaðar plötur eða molar.

Átsúkkulaði er sérstaklega vel unnið súkkulaði (valtað, slípað), sem í er að minnsta kosti 50% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri. Í því er að minnsta kosti 26% af kakaósmjöri. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 35% af kakaódeigi í því.

Rjómasúkkulaði er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af rjóma eða rjómaþufti (þurrkjóma) eða ósöltuðu smjöri og mjólk eða mjólkurdufti, að mjólkurfeitin sé að minnsta kosti 5,5% og fitusnautt mjólkurþurrefnið að minnsta kosti 7,5% af súkkulaðinu. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því. Nota má í rjómasúkkulaði mjólk eða mjólkurduft í stað jafnmikils hluta af sykri.

Mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði) er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af mjólk eða mjólkurdufti (þurrmjólk), að í súkkulaðinu sé að minnsta kosti 3,2% af mjólkurfeiti. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því.

Undanrennusúkkulaði er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af undanrennu eða undanrennuþufti, að í súkkulaðinu sé að minnsta kost 12,5% af fitusnauðu þurrefni mjólkurinnar. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því.

Súkkulaðihúðað mungæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsípansúkkulaði, nugat-

54 súkkulaði, konfekt). Innst er kjarni úr viðkomandi mungæti, og er hann húðaður kakaódeigi, súkkulaði, súkkulaðihúð, rjóma- eða mjólkursúkkulaðihúð. Húð þess mungætis, sem mótað er í plötur, nemur að minnsta kosti 25% af öllum þunganum.

Ávaxtasúkkulaði er súkkulaði blandað ávöxtum. Þegar notaðir eru ávextir citrus-tegundanna, eru oft einnig notuð ilm- og bragðefni barkarins eða börkurinn sjálfur.

Hnotsúkkulaði er súkkulaði blandað heslihnetum eða valhnetum, og eru þessar hnetur oft malaðar. Oft er allt að því þriðjungur oliunnar pressaður úr þeim.

Möndlusúkkulaði er súkkulaði blandað heilum eða muldum, sætum möndlum. Oft er allt að því þriðjungur oliunnar pressaður úr möndlunum.

Í súkkulaði má blanda kaffi eða öðrum slíkum efnum, og er það þá sérstaklega auðkennt með tilliti til þess.

Súkkulaði-húð (couverture) er súkkulaði, sem í er í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri og að minnsta kosti 33% af kakaódeigi, sem í hefir verið sett svo mikið af kakaósmjóri, að í húðinni er að minnsta kosti 35% af kakaósmjóri. Setja má í húðina allt að 5% samtals af heslihnetum, valhnetum, sætum möndlum, þurrkuðum ávöxtum (eins og t. d. rúsinum, kúrennum), maltextrakti, maltsykri eða mjólkurdufti (þurrmjólk), og kemur það í stað jafnmikils hluta af sykri.

Rjómasúkkulaði-húð, mjólkursúkkulaði-húð er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 35% samtals af fitu (kakaósmjóri og mjólkurfeiti) og í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri og að öðru leyti uppfyllir kröfur þær, sem gerðar eru til rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (3. gr., tölul. 3, 4).

Í kakaóvörum er stundum lítið eitt af lecitíni.

II. KAFLI

Matsreglur.

4. gr.

Kakaóvörur þær, sem nefndar eru hér á eftir, eru sérstaklega taldar **skemmdar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt auðkenndar séu með tilliti til þess:

1. Kakaóbaunir:

a) óvaldar, í öðrum umbúðum en umbúðum framleiðslulandsins, ef í þeim er meira en 15% af ónothæfum kakaóbaunum og óhreinindum,

b) valdar, ef í þeim eru samtals meira en 3% af ónothæfum, sérstaklega skemmdum kakaóbaunum og óhreinindum.

Þær kakaóbaunir eru taldar skemmdar, sem hafa spillzt verulega af völdum sjávar, myglu, ýldu, reykjar eða skorkvikinda eða ef af þeim er fúkkalykt eða myglubragð.

2. Kakaóvörur úr kakaóbaunum, sem í er meira af ónothæfum eða skemmdum kakaóbaunum, svo og óhreinindum, en minnst getur orðið.

3. Kakaóvörur, sem breytt hafa svo verulega í útliti, að bragði eða lykt, að þær eru miður hæfar til neyzlu.

4. Kakaósmjör, sem hefir hærri sýrutölu en 4,5 eða er þrátt, fúkkað, myglað eða á einhvern annan hátt viðbjóðslegt.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru kakaóvörur taldar **eftirlíkingar** eða metnar **falsaðar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í tölulíð 9, 11, 18c, 18f og 23 þessarar greinar:

1. Vörur, sem taldar eru kakaóvörur, en fullnægja þó ekki skilyrðum 1.—3. greinar þessarar reglugerðar.

2. Vörur, sem eru þannig útlits eða hafa þá lykt og bragð, er getur valdið því, að villzt sé á þeim og einhverjum þeim kakaóvörum, sem skilgreindar eru í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, enda fullnægi þær ekki þar settum skilyrðum.

3. Kakaóvörur, sem í er meira af kakaóhýði, kakaókími eða kakaófræhimuam en minnst getur orðið.

4. Kakaóvörur, sem í er önnur feiti en kakaósmjör, þó að undantekinni þeirri feiti, sem stafar

af efnum, sem heimilt er að blanda í kakaóvörur, sbr. 3. gr., 1., 3., 4., 5., 8., 9., 12. og 13. tölulið, þessarar reglugerðar.

5. Kakaóvörur, sem í er jarðolía.
6. Kakaóvörur, sem í er notað meira en 2% af kakaósalla, miðað við efnin úr kakaóinu, eða eru að nokkru eða öllu leyti gerðar úr kakaóúrgangi, kakaóhýði eða úr hvorutveggja.
7. Kakaóvörur, sem eru litaðar eða húðaðar með lakki, þó að undanteknum óskaðlegum litum til skreytingar og sandarrak- eða benzóelakki eða öðrum óskaðlegum lakttegundum til húðunar á súkkulaðimyndum.
8. Kakaóvörur, sem í er meira en 0,3% af lecítini, miðað við hreint lecítin og fullgerða vöruna.
9. Kakaóvörur, sem í eru náttúrleg eða tilbúin ilm- og bragðefni, nema þær séu nægjanlega og viðeigandi auðkenndar með tilliti til þess, þó að undanteknu náttúrulegu kryddi, vanillíni og aethyletri vanillínsins.
10. Kakaódeig, kakaóduft, fiturýrt kakaóduft, sem í eru annarleg efni, önnur en þau, er hér greinir:
- Lítið eða ekki meira en svo af kakaóhýði, kakaókími og kakaófræhimnum, að minna geti ekki orðið.
 - Ammóníumsölt, en þó minna en svo, að þeirra verði vart af lyktinni.
 - Alkalíkarbónöt, magnesíumsambönd eða önnur óskaðleg efni, sem notuð eru til að gera kakaóið uppleysanlegt eða slökkva (neutralisera) það, enda fari þessi efni ekki fram úr 2,5% miðað við kakaódeigið.
 - Náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins.
 - Sandur allt að 0,3% miðað við fitusnautt þurrefnið.
 - Lecítín (sbr. 8. tölulið þessarar greinar).
11. Kakaóduft, sem í eru minna en 20% af kakaósmjöri, nema það sé auðkennt sem „fiturýrt“.
12. Fiturýrt kakaóduft, sem í eru minna en 10% af kakaósmjöri.
13. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem ekki hefir verið gert uppleysanlegt, ef í því er meira en 5% af ösku miðað við kakaódeig með 55% af kakaósmjöri.
14. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem gert hefir verið uppleysanlegt, ef í því er meira en 7,5% af ösku miðað við kakaódeig með 55% af kakaósmjöri.
15. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem í er meira en 9% af vatni.
16. Súkkulaði, sem í hefir verið látið meira en 1% af vatni, meðan á framleiðslunni stóð.
17. Súkkulaði, sem í er meira en 2,5% af vatni, þó að undanteknu rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði og undanrennusúkkulaði.
18. Súkkulaði, sem í eru annarleg efni önnur en þessi:
- Lítið eða ekki meira en svo af kakaóhýði, kakaókími og kakaófræhimnum, að minna geti ekki orðið.
 - Sandur allt að 0,3% miðað við fitusnautt og sykursnautt þurrefnið.
 - Mjólk eða mjólkurvörur, enda sé súkkulaðið auðkennt sem rjómasúkkulaði eða mjólkursúkkulaði eða undanrennusúkkulaði, ef í því er meira en 5% af mjólkur- eða undanrennu-dufti.
 - Náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins.
 - Lecítín (sbr. 8. tölulið þessarar greinar).
 - Heslihnatur, valhnatur, sætar möndlur, jarðhnatur, kókoshnatur, parahnatur, cashewhnatur, marsípan, núgat, kaffi, hunang eða annað þess háttar, ávextir, náttúrleg eða tilbúin ilm- og bragðefni (þó að undanskildu vanillíni og aethyletri vanillínsins), egg, eggjarauða eða eggjahvítu, enda sé súkkulaðið nægjanlega og viðeigandi auðkennt og þessi efni ásamt sykrunum fari ekki samtals fram úr 60%. Ef kjarnarnir eða ávextirnir eru settir í súkkulaðið í stykkjum, teljast þeir ekki með.
19. Mjólkursúkkulaði, sem í er látið undanrennuft.
20. Rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði, undanrennusúkkulaði, sem í er samtals meira af sykri ásamt leyfðum viðbótarefnum öðrum en rjóma, mjólk eða undanrennu en 60%. Kjarnar eða ávextir, sem settir eru í súkkulaðið heilir eða í stykkjum, teljast ekki með.
21. Hnotsúkkulaði eða möndlusúkkulaði, sem í eru notaðar eftirstöðvar oliuframleiðslunnar.
22. Súkkulaði, sem í eru notaðar heslihnatur, valhnatur, sætar möndlur, jarðhnatur, kókoshnatur, parahnatur eða cashewhnatur, ef í það er sett feiti eða olía úr nefndum kjörnum.
23. Súkkulaðihúð, sem í er notað samtals meira en 5% af heslihnatur, valhnatur, sætum möndlum, jarðhnatur eða ávöxtum, ef hún er ekki auðkennd á viðeigandi hátt, t. d. sem „hnotsúkkulaði-húð“, sem „súkkulaðihúð með jarðhnatur“ o. s. frv.

- 54 24. Kakaófeiti, sem talin er kakaósmjör og unnin hefir verið með upplausnarefnum.
 20. júlí 25. Kakaósmjör, sem í er kakaófeiti unnin með upplausnarefnum, annarleg feiti eða olía úr jurta- eða dýraríkinu, hert feiti, jarðolía eða önnur annarleg efni eða lítað kakaósmjör.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, teljast kakaóvörur **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar**:

1. Vörur með auðkenningu, upplýsingum eða umbúnaði eins og þær væru einhverjar af þeim vörum, sem taldar eru í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, án þess þó að uppfylla þar sett skilyrði.
2. Kakaóduft, sem auðkennt er „fituríkt“ eða annað þviumlíkt.
3. Kakaómalt, sem í hefir verið notað fiturýrt kakaóduft, án þess að vera auðkennt svo í beinu sambandi við nafnið.
4. Þegar þau efni, sem leyfð eru skv. 5. grein, tölulíð 18c, f, eru ekki auðkennd samkvæmt því í beinu sambandi við nafn vörunnar, þó að undanteknu súkkulaði, sem í er allt að 5% af mjólkur eða undanrennufti.
5. Súkkulaðihúðað mungæti, sem mótað er í plötur og er ekki auðkennt „súkkulaðihúðað ...“ eða á annan viðeigandi hátt.
6. Þegar kakaó eða súkkulaði er blandað öðrum efnum, sbr. 2. og 3. grein þessarar reglugerðar, en nafnið þannig prentað eða letrað á annan hátt, að sérstök áherzla er lögð á orðin kakaó og súkkulaði.
7. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
8. Kakaóvörur, sem eru ranglega taldar hafa sérstök hollustuáhrif.

III. KAFLI

Verzlun með plötusúkkulaði.

7. gr.

Súkkulaði, sem mótað er í plötur, má í lausasölu aðeins selja eða hafa á boðstólum í plötum, sem eru 500, 250, 200, 125, 100, 50 eða 25 grömm að þyngd (nettó). Ef súkkulaðið er í umbúðum, er þunga innihaldsins getið á þeim.

Þessi ákvæði gilda ekki, þegar seld eru stykki minni en 25 grömm, né heldur um sölu á stykkjum úr plötum, eða þegar súkkulaði er selt eftir þunga.

Á plötum, sem vega meira en 100 grömm, má eigi muna meiru en 3% á þunganum og á plötum, sem eru 100 grömm og þar undir, ekki meiru en 4%, hvorttveggja miðað við þá þyngd, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar. Undantekið er súkkulaðihúðað mungæti og súkkulaði, sem í eru frá, kjarnar eða ávestir í heilu lagi eða stykkjum. Þar má eigi muna meiru en 4% á þunganum á þeim plötum, sem vega meira en 100 grömm, og ekki meiru en 5% á þeim plötum, sem vega 100 grömm eða minna, hvorttveggja miðað við þá þyngd, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 3. grein þessarar reglugerðar, kr. 2,50 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu, og af þeim vörum, öðrum en kakaósmjöri, sem um getur í 2. grein, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1936 nema 7. gr., sem öðlast gildi 1. október 1938.

54

20. júlí

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

S A M Þ Y K K T

55

22. júlí

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir „Veiðifélag Vatnsdalsár“. Heimili þess og varnarþing er að Sveinsstöðum.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst félagið að ná með því:

- a. að friða ána fyrir hverskonar veiðiaðferðum til laxveiða nema stangaveiða samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum, er félagsstjórn eða lögmaður félagsfundur samþykkir,
- b. að vinna að ófriðun og útrýmingu sels og annars veiðivargs.

4. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá og framrennsli þeirra. Sömuleiðis hefir félagið umráð yfir allri silungsvæði á svæðinu, að því undanskildu, að lagnetjaveiði fyrir silung er leyfileg fyrir ábúendur á svæðinu frá sjó og fram að Undirfelli. Þó má möskvastærð silunganeta eigi vera meiri en $4\frac{2}{3}$ cm á milli hnúta og netin eigi ná lengra frá landi en lög heimila. Eigi má hafa króka eða fleygnet, er að dómi sérfróðra manna getur talizt veruleg hindrun fyrir laxgöngu.

5. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða á félagssvæðinu, en þær eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda, Hnausar, Bjarnastaðir, Mässtaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur, Eyjólfstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Kot, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ás, Brúsastaðir,